




Svipmyndir frá vígslu Félagsheimilisins Stapa í Ytri-Njarðvík

(Sjá grein á næstu blaðsíðu).



Til vinstri:
Ólafur Sigurjónsson
í ræðustóli.

Efri myndin til hægri:
Nafnið „Stapi“ afhjúpað.
Æska og aldur sameinast
í verki.

Neðri myndin til hægri:
Séð yfir veizlusalinn.

Heimir Stígsson tók myndirnar.



Félagsheimilið Stapi í Ytri-Njarðvík

Laugardaginn 23. okt. síðastl. var vígt hið nýja félagsheimili í Ytri-Njarðvík. Bygging hússins hefur staðið yfir í meira en sjö ár, en fundarsalur og félagsherbergi voru þó tekin til notkunar fyrir rúmu ári. Húsið er mjög reisulegt og fallett bæði að utan og innan og stendur það miðsvæðis í Njarðvík, skammt frá ípróttasvæðinu.

Við vígsluathöfnina, sem hófst klukkan 16 var mikill mannfjöldi saman kominn, voru það bæði boðsgestir og mestur hluti Njarðvíkinga og var þó hvergi þröngt, hvorki á göngum eða í sölum. Húsið allt er að gólfleti 1300 fermetrar og 6500 rúmmetrar. Aðalsalurinn rúmar um 500 manns í sæti og auk þess eru loftsvaflir er rúma um 150 manns. Auk þess er hliðarsalur, sem rúmar yfir 100 manns og er sá salur ætlaður til sýninga, fundahalda og smærri samkvæma.

Í félagsheimilinu mun vera næststærsta leiksvið á landinu, er það um 130 ferm. og 16 metra hátt. Leiksviðið er með fullkomnum ljósaútbúnaði og við það eru rúmgóð og vistleg búningsherbergi fyrir leikara. Í húsinu er nú búið að koma fyrir bókasafni hreppsins, þá eru þar einnig félagsherbergi þeirra félaga, sem að byggingu hússins standa, en það er Ungmennagöng og Kvenfélag Njarðvíkur, Skátafélagið Víkverjar og Njarðvíkurhreppur.

Byggingarsaga og afhending hússins.

Í upphafi vígsluathafnar voru veitingar fram bornar af mikilli rausn. Er gestir höfðu notið veitinga um stund, lék Rögnvaldur Sigurjónsson þrjú verk eftir Schubert af sinni alkunnu snilld. Þá tók til máls Ólafur Sigurjónsson, hreppstjóri og oddviti Njarðvíkinga, sem jafnframt var formaður og framkvæmdastjóri húsbyggingarnefndar, og hefur hann unnið mjög ötullega að byggingarframkvæmdum á undanförunum árum, og hlaut hann í öllum síðari ræðum einróma þakklæti fyrir sín óeigingjörnu störf.

Í ræðu sinni lýsti Ólafur byggingarsögu hússins, gat hann þess meðal annars, að húsið væri byggt eftir teikningu Sigvalda Thordarsen, sem hafði að mestu lokið öllum teikningum áður en hann lézt, en þeim smáteikningum, sem eftir voru, lauk Þorvaldur Kristmundsson. Byggingar-

framkvæmdir hófust 1958, á þessu tímabili hafa framkvæmdir legið niðri um stundarsakir öðru hvoru.

Margir iðnaðarmenn hafa komið við sögu hver í sínu fagi og virðast allir hafa leyst verk sín af höndum með hinni mestu þryði.

Járnateikningar og verkfræðiverkefningin annaðist Sigurður Thoroddsen, trésmíði Skarphéðinn Jóhannesson, um múrverk annaðist Snorri Vilhjálmsson, raflagnir og lýsingu framkvæmdi Guðbjörn Guðmundsson og lofthitalagnir gerði blikksmiðja Ágúst Guðjónssonar, Áki Gränz annaðist málningarvinnu alla, en Ásgerður Búa-dóttir gerði veggskreytingar utanhúss.

Árið 1957 voru öll leyfi fengin til byggingar og höfðu þá landeigendur gefið væntanlegu félagsheimili 17 þús. ferm. lands. Árið 1958 hófust framkvæmdir og hefur þeim verið haldið áfram í þessi 7 ár, þó nokkrar stöðvanir hafi orðið um stundarsakir af ýmsum ástæðum.

Byggingarkostnaður hússins sjálfs er nú orðinn 9,5 milljónir fyrir utan allt innbú og áhöld, sem er hið vandaðasta og hefur vafalaust kostað mikið. Enn er ekki hafin bygging á fyrirhugaðri kapellu, sem áformuð er í sambandi við húsið, en bygging hennar verður vonandi hafin á næstunni.

Ólafur Sigurjónsson afhenti síðan húsið til þeirrar hússtjórnar, sem nú tekur við, og er formaður hennar Oddbergur Ei-

ríksson. Áður en hússtjórn veitti húsinu viðtöku, var hið nýja nafn þess afhjúpað á leiksviðinu og hlaut það nafnið STAPI. Að lokinni móttökuræðu Oddbergs voru flutt mörg ávörp og ræður, meðal þeirra, sem ræður fluttu, voru Sigurbjörg Magnúsdóttir, formaður Kvenfélags Njarðvíkur, Jón Ásgeirsson, sveitarstjóri í Njarðvík, Þórir Sæmundsson, sveitarstjóri í Sandgerði, Sveinn Jónsson, bæjarstjóri í Keflavík, Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi ríkisins, séra Eiríkur J. Eiríksson, forseti U. M. F. Í., séra Björn Jónsson sóknarprestur og fleiri.

Margar kveðjur og heillaóskir bárust, meðal þeirra frá menntamálaráðherra og fræðslumálastjóra, og blómakveðjur bárust frá félögum og einstaklingum.


Að lokinni þessari vígsluathöfn var gengið um húsið og það skoðað, og er það allt hið glæsilegasta og vandaðasta í hvívetna. Í forstofu er steinverk mikið á vegg frá lofti til gólfs, er það gert úr hrauni og leir af Ragnari Kjartanssyni. Á göngum eru harðar flísar og teppi, fatageymslur og snyrtiherbergi stór og rúmgóð. Veggir og gólf í aðalsal er lagt harðviði. Lýsingu allri er mjög haganlega og smekklega fyrir komið.

Strax fyrsta daginn var opnuð yfirlits-sýning á málverkum Magnúsar Á. Árnasonar í hliðarsalnum, og síðar í vikunni hafði Hafsteinn Austmann þar einnig sýningu á verkum sínum.

Næstu daga voru svo margháttaðar skemmtanir í Stapa, meðal annars sýndi

**Ólafur Sigurjónsson
afhendir
Oddbergi Eiríkssyni
húsið.**

Ljósm.:
Heimir Stígsson.



Minningar frá Keflavík

Einn er sá maður, sem ekki má gleyma, þegar Keflvíkinga, um og eftir aldamótin, er minnt, en það er Guðmundur Illugason klæðskeri, svo var hann að góðu kunnur meðal Keflvíkinga. Hann hafði á unga aldri fengið illkynjaða veiki í hrygginn, lá þá lengi og varð eftir þá þrautalegu hnýttur og bæklaður. Sneri hann sér þá að því að nema skraddaraiðn og fór í þeim tilgangi til Reykjavíkur. Hann lærði hjá Reinhard Andersen, sem var einn með þeim beztu klæðskerameisturum í Reykjavík. Guðmundur varð ágætlega vel fær í starfi sínu og vann, að loknu námi, nokkur ár hjá meistara sínum, en heilsan var alltaf tvísýn og valt á ýmsu, en hann var dugnaðarmaður og fylginn sér og harður við sjálfan sig, svo að hann vann oftast fulla vinnu. Rétt eftir aldamótin setti Guðmundur á stofn saumastofu í Keflavík og kenndi þar ungum stúlkum saum á vetrum. Voru margar ungar stúlkur, sem lærðu hjá honum, bæði úr Keflavík og víðar að, sumar vestan úr Döllum. Þótti þessi skóli ágætur og nauðsynlegur ungum stúlkum, þótt þær ætluðu ekki að leggja þessa iðn fyrir sig, en kunna vel til fatauma þótti ágætt og nærri sjálfsagt, fyrir ungar stúlkur, svo margskonar verk og fjölbreytt þurfti að vinna á heimilum í þá daga. Guðmundur var ágætur kennari og sagði vel til, hefi ég fyrir því orð Jónínu vinkonu minnar á Framnesi. Segir hún, að ágætt hafi verið að læra hjá Guðmundi. Saumastofu þessa starfrækti Guðmundur á veturna, en á sumrin lagði hann leið sína vestur í Dali og saumaði þar á heldri manna heimilum allt sumarið og stundum fram á haust. Þótti honum það skemmtileg tilbreytni, enda átti hann þar vinum að fagna. Kunni hann frá mörgu að segja af ferðum sínum um Dali, er suður kom, og vissi ágæt skil á fólki og



Guðmundur Illugason, sitjandi, og Björn Þorgrímsson.

attartengslum þar. Á haustin, er suður kom, var aftur tekið til við að setja saumastofuna á laggirnar. Var Guðmundur til húsa í gamla Thoroddsenshúsinu (þar sem Ásbergshús er nú), en síðar flutti hann sig upp í Bakaríið inni á hæðinni (hús Ólafs J. A. Ólafssonar).

Suma vetur hafði hann annan hátt á starfi sínu, felldi niður kennslu, en saumaði í húsum úti um kaupþúnið. Þótti húsmæðrum ágætt að geta fengið saumuð föt á bændur sína og syni á þennan hátt. Var hann þá í fæði á því heimili meðan hann saumaði.

Guðmundur var glaður venjulega, raulaði oft við vinnu sína og var hinn hressasti, en betra var að vera til taks að rétta honum, ef eitthvað vantaði, svo áhugasamur var hann við vinnu sína, og mátti ekki á neinu standa. Þá þurfti, að sjálf-sögðu, að hita hin stóru pressujárn eða bolta á eldavélinni, var þá kappkynt til þess að járnin héldust glóandi heit. Heyrðist þá oft kallað snöggum og ákveðnum rómi innan úr stofunni, er Guðmundur saumaði í: „Pressujárn, klossar, strau-stykki.“ Gat þá verið vissara að bregða skjótt við, allt þurfti að koma á samri stundu. Var alltaf líf og fjör í kringum Guðmund, en hann var mjög áhugasamur um að koma verkeinu af, allt eftir fyrir fram gerðri áætlun, en hann var mjög samvitzkusamur í öllu starfi.

Guðmundur var fæddur 29. júlí 1871 í Suðurkoti í Vogum. Voru foreldrar hans Guðlaug Ólafsdóttir, alsystir Arinbjarnar



Þessi mynd er sennilega frá árinu 1909, en það ár munu stúlkurnar hafa verið flestar á saumanámskeiði hjá Guðmundi Illugasyni. Efri röð frá vinstri: Guðríður Jónsdóttir frá Akri, Njarðv., Guðlaug Magnúsdóttir frá Hólmfastskoti, Hólmfríður Hannesdóttir úr Dalasýslu, Guðlaug I. Guðjónsdóttir, Framnesi, Sigríður Jónsdóttir, Keflavík. Sitjandi frá v.: Þorkelína Jónsdóttir, Tjarnarkoti, Njarðv., Bjarnfríður Sigurðardóttir, Vatnsnesi, Vilborg Jónsdóttir frá Stapakoti, Einarína Sveinsdóttir, Keflavík, Guðrún Þorvarðardóttir, Keflavík, og Guðmundur Illugason, klæðskeri.

Leikfélag Reykjavíkur þar „Ævintýri á gönguför“ og Þjóðleikhúsið sýndi „Síðasta segulband Krapps“ og „Jóðlíf“. Þá voru dansleikir, barnaskemmtanir og skátaskemmtun.

Mikil og almenn ánægja er með þetta stóra og glæsilega félagsheimili, ekki einungis í Njarðvík, heldur í öllu nágrenninu, sem nýtur góðs af þessu veglega félagsheimili. — hsj.